

Mánudaginn 6. júní 1983

Nr. 245/1982. **Kjartan Einarsson og****Katrín Ingólfssdóttir**

gegn

Bjarna Má Ragnarssyni.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Er mál þetta kom fyrir á dómþingi 1. þ. m., óskuðu áfrýjendur eftir fresti til októbermánaðar.

Stefndi mótmælti því, að fresturinn yrði veittur, og krafðist þess, að málið yrði fellt niður. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar úr hendi áfrýjenda.

Hin áfrýjaða dómsathöfn er dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 3. desember 1982. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. febrúar 1983, en var þá frestað með samkomulagi aðilja til 1. júní 1983.

Með stefnu 13. apríl 1983 gagnáfrýjaði stefndi héraðsdóminum til staðfestingar. Var gagnsökin þingfest 2. maí 1983 sem hæstaréttarmál nr. 79/1983, en henni því næst frestað til 1. júní eins og aðalsök. Ekki varð þó af sameiningu málanna á því dómþingi, þar sem ágreiningur aðilja um frestun máls þessa (aðalsakarinnar) var tekinn til úrskurðar, áður en gagnsökin var tekin fyrir á dómþinginu.

Þar sem héraðsdómi hefur verið áfrýjað af hendi beggja aðilja, en hvorugur hefur lagt dómsgerðir bæjarþingsmálsins fyrir Hæstarétt eða látið gera ágrip dómskjala, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973, og aðalsök og gagnsök hafa enn eigi verið sameinaðar, sbr. 1. mgr. 19. gr. sömu laga, þykir rétt að veita hinn umbeðna frest.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn umbeðni frestur til 3. október 1983 er veittur.